

MOSFELLINGUR

2. tbl. 8. árg. föstudagur 6. febrúar 2009. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

Kylfingarnir Kristján Þór Einarsson og Nína Björk Geirsdóttir úr Kili

ÍPRÓTTAMENN MOSFELLSBÆJAR

Val á íþróttamönnum Mosfellsbæjar fór fram í Hlégarði sunnudaginn 18. janúar. Kristján Þór og Nína Björk úr golfklúbbnum Kili voru valin íþróttamaður og -kona ársins af íþrótt- og tómsbundanefnd Mosfellsbæjar.

Kristján Þór er aðeins 21 árs gamall og því með efnilegri kylfingum landsins. Stærsti sigur Kristjáns á árinu var án efa þegar hann landaði Íslandsmeistaratitlinum í höggleik á eftirminni-
legan hátt.

Nína Björk hefur verið einn sigursælasti kvenkylfingurinn síðustu ár. Nína varð klúbbmeistari Kjalar 2008 þar sem hún setti vallarmet. Nína eignaðist lítinn dreng þann 29. október sl.



EIGN VIKUNNAR


Lindarbyggð



Vel skipulagt 177,1 fm parhús með bílskýli við Lindarbyggð 9. Húsið skiptist í forstofu, borðstofu, stóra stofu m/sólstofu, eldhús, þvottahús, sjónvarpshol, 4 svefnherbergi og baðherbergi. Búið er að loka bílskýli og það nýtt sem vinnaðstaða. Húsið er laust til afhendingar! **V. 35,5 m.**

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali • www.fastmos.is, www.eignamidlun.is

 **EIGNAMIDLUN**
Mosfellsbæ



100% Speltbrauð

MOSFELLSBAKARI

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is

Ný
CABAS
tjónaskoðun


Vottað
verkstæði

Þjónustuverkstæði
útvægum bílaleigubíla



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Prófkörk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, 3500 eintök
Tekið er við aðsendum greinum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær
ekki vera lengri en 500 orð.
**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 27. feb.

Að þreyja þorrann og góuna

Í Mosfellingi að þessu sinni er farið ítarlega yfir nýtt miðbæjar-skipulag. Það verður fróðlegt að sjá hvort ekki takist loksins að byggja upp miðbæ í Mosfellsbæ.



Ípróttamenn Mosfellsbæjar að þessu sinni koma báðir úr röðum Golfklúbbsins Kjalar. Greinilegt er að þar fer fram metnaðarfullt starf sem ber ávöxt.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

Hin unga og efnilega söngkona úr Mosfellsdal, Hreindís Ylva, er Mosfellingurinn að þessu sinni en hún er komin í úrslit Eurovision söngvakeppinnar.

Mosfellingar hafa verið duglegir að blóta Þorrann en bæði Aftureldingar- og Dalbúablotið fóru einkar vel fram. Mosfellingur birtir skemmtilegar myndasýpur frá þessum viðburðum.

Ég mælist til þess að við fáum Éskíðalyftu í Mosfellsbæ. Vonandi að Ævintýragarðurinn, sem væntanlegur er í Ullarnesbrekkur, bjóði upp á eins og eina toglyftu.



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Í þessum mánuði fagnar Lágafellskirkja 120 ára afmæli sínu en kirkjan var vígð á konudaginn 24. febrúar árið 1889 eftir miklar deilur um niðurrif Mosfellskirkju. Kirkjukór Lágafellssóknar var stofnaður formlega árið 1948 en þessi mynd er tekin af kórnum um 1960.

Í fremsta röð eru frá vinstri: Margrét Sigurðardóttir, Ólöf Helgadóttir, Hjalti Þórðarson, sem var organisti í Lágafellssókn um 45 ára skeið, Halla Aðalsteinsdóttir og Þuríður Hjaltadóttir. Miðröð frá vinstri: Sigríður Birna Ólafsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir, Jón M. Guðmundsson, Þórður Guðmundsson, Klara Bergþórsdóttir, Jóhanna Jónsdóttir. Efsti röð frá vinstri: Ólafur Jóhannesson, Hreiðar Gottskálksson, Viggó Valdimarsson, Sveinn Guðmundsson, Ólafur Helgason, Erlafur Kristinnsson og Benedikt Sveinbjarnarson.


Bjarki Bjarnason



HÉÐAN OG ÞAÐAN



Mosfellingur á netinu



www.mosfellingur.is

Getur þú fundið **Benjamín** falinn í blaðinu?

MOSFELLINGUR - Leiðari og skemmtiefni



EIGNAMIDLUN

Mosfellsbæ

Kjarna • Pverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



Kvísartunna - Parhús

Kvísartunna – Mosfellsbær
Mjög glæsilegt 247,7 fm parhús með innb. 48,2 fm bílskúr við Kvísartunna. Neðri hæðin: forstofa, sjónvarpshol, 3 svefnherb., baðherb. og þvottahús. Efri hæðin: stórar stofur, stórt eldhús og baðherb. Mikil lofthæð og stórglæsilegt útsýni! Stórar svalir með heitum potti. **Seljandi skoðar skipti á minni eign!**
V. 56,5 m.



Lágholt - Einbýli

166,0 fm einbýlishús á einni hæð með sambyggðum bílskúr við Lágholt 2 í Mosfellsbæ á hagstæðu verði. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi. Bílskúrin er 44,8 fm með góðum vinnuborðum. Húsið hefur verið í eigu sömu fjölskyldu frá upphafi og lítur vel út.
V. 34,9 m.



Litlakriki - Einbýli

Fallegt og vel skipulagt 295,1 fm einbýlishús á tveimur póllum með tvöföldum bílskúr við Litlakrika í Mosfellsbæ. Húsið er mjög fallegt og mikið lagt í frágang innandyrna, lýsing er hönnuð af Lúmax, hnotuparket og flísar eru á gólfum, innréttingar eru frá JKE Design og vönduð tæki í eldhúsi.
V. 75 m.



Helgaland - Einbýli

Mjög fallegt 307,4 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 52 fm tvöföldum bílskúr við Helgaland í Mosfellsbæ. Húsið stendur á 1.250 fm lóð. Á efri hæðinni er forstofa, þvottahús, eldhús, sjónvarpshol, stofa, borðstofa, baðherbergi og fjögur svefnherbergi. Á neðri hæðinni er baðherbergi og tvö stór herbergi.
V. 72,5 m.



Álmholt - Einb.m/aukaíbúð

326,7 fm einbýlishús með aukaíbúð og tvöföldum bílskúr. Á efri hæðinni er forstofa, innra hol, stórar stofur, eldhús, þvottahús, 3 herb. (4 skv. teikn.), baðherbergi o.fl auk 48 fm bílskúrs. Í kjallara er séríbúð sem skiptist í forstofu, 2 herbergi, stórt eldhús, baðherbergi. Í kjallaranum er einnig stórt herbergi sem gengið er í úr bílskúrnum en auðvelt er að sameina kjallaraíbúðinni auk mikils geymslurými. **Seljandi skoðar skipti á minni eign í Mosfellsbæ!**
V. 59,9 m.



Arnarhöfði - Raðhús

Mjög fallegt 189,7 fm raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum 24,6 fm bílskúr við Arnarhöfða. Stór timburverönd með skjólgirðingu með lýsingu og fallegur garður í suðvestur. Húsið er staðsett á fallegum stað við opið svæði. Mjög stutt er í leikskóla, grunnskóla, sund og á golfvöll Mosfellsbæjar. **Seljandi skoðar skipti á minni eign!**
V. 44,5 m.



Arnartangi - Raðhús

Mjög vel skipulagt 4ra herbergja, 94 fm raðhús á einni hæð við Arnartanga í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, eldhús, baðherbergi, stóra stofu og þrjú svefnherbergi. Stór og gróinn sérgarður í suðurátt með timburverönd.
V. 23,9 m.



Litlakriki 60-66 raðhús

Til sölu fjögur mjög falleg raðhús við Litlakrika í Mosfellsbæ. Húsin eru 197 - 207 fm með innbyggðum 27,5 fm bílskúr og afhendast fullbúnar að utan og langt komin að innan. Þetta eru glæsileg hús á fallegum stað.
Ahvílandi lán frá Íbúðalánasjóði upp. 20 m.
Verð frá 37,4 m.



Klapparhlíð - 4ra herbergja

Falleg 99,9 fm, 4ra herbergja endaíbúð á jarðhæð með séringgangi og sérgarði í 3ja hæða fjölbýli. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús með borðkrók, stóra og bjarta stofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Mjög góð staðsetning stutt er í skóla, leikskóla, World Class og sund.
V. 23,6 m.



Litlakriki - Glæsilegar íbúðir

Bjartar og fallegar 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir í nýju glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi við Litlakrika 2 í Mosfellsbæ. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með eikarinnréttingum. Eikarparket og flísar eru á gólfum. Bílskúr fylgir sumum íbúðum.
Verð frá 25,2 m.



Skeljatangji - 4ra herbergja

Falleg og vel skipulögð 94,2 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð með séringgangi og svölum í fjölbýli við Skeljatangji í Mosfellsbæ. Falleg íbúð sem skiptist í forstofu, gang, hjónaherbergi, tvö góð barnaherbergi, þvottahús, baðherbergi, stofu, eldhús og gott geymsluloft.
V. 25,7 m.



Fálkahöfði - m/bílskúr

Mjög falleg 103,9 fm, 3ja herb. íbúð á jarðhæð m/séringgangi og stórrí timburverönd, ásamt 27 fm bílskúr við Fálkahöfða. Vel skipulögð og skemmtileg íbúð með tveimur rúmgóðum svefnherb. Stutt gönguleið er í nýjan grunnskóla og leikskóla á vestursvæði Mosfellsbæjar auk þess sem golfvöllur og glæsileg sundlaug eru í næsta nágrenni. **Íbúðin er laus til afhendingar.**
V. 29,7 m.



Hulduhlíð - 2ja herbergja

2ja herbergja, 65,8 m2 íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli í Hulduhlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, rúmlegt svefnherbergi, góða geymslu (sem hægt er að nota sem leikherb. eða tölvuherb.), baðherbergi, þvottahús, stofu og eldhús með borðkrók.
V. 18,7



Samkeppni um ævintýragarð

Mosfellsbær hefur efnt til hugmyndasamkeppni um hönnun á ævintýragarði fyrir alla fjölskylduna í Ullarnesbrekkum. Markmið hugmyndasamkeppninnar er að fá fram raunhæfar og spennandi tillögur um hönnun og innihald ævintýragarðs. Ævintýragarðurinn skal nýttast allri fjölskyldunni til fjölbreyttrar útivistar og ánægju allt árið um kring. Aðgangur að svæðinu skal vera öllum opin og ókeypis. Verðlaunafé nemur alls fjórum milljónum króna. Keppnislýsinguna má finna á vefsíðu Mosfellsbæjar www.mos.is. Skilafrestur tillagna er 1. apríl 2009.

MOSFELLINGUR á vaktinni



Að þessu sinni gerði Mosfellingur verðsamanburð á líkamsrækt annars vegar og sundferð hins vegar.

Líkamsrækt

3ja mánaða kort (eingreiðsla)
Elding Líkamsrækt 17.400 kr.
World Class 26.780 kr.

Sund

Fullorðnir/börn
Lágafellslaug 360/110 kr.
Varmá 200/50 kr.

Undirbúningur fyrir Framhaldsskólann í Mosfellsbæ (FMOS) er hafinn

Skólameistari tekinn til starfa

Skólameistari nýja framhaldsskólans, Guðbjörg Aðalbergsdóttir, hefur hafið störf og undirbúningur fyrir skólann er kominn á fullt skrið. Skólinn tekur til starfa í haust og verður til húsa í Brúarlandi fyrstu tvö árin. Endurbætur á Brúarlandi eru byrjaðar, en húsið verður allt tekið í gegn áður en skólinn tekur til starfa. „Á næstu vikum verður mest áhersla lögð á undirbúning á hugmyndafræði og starfshætti skólans,” segir Guðbjörg

Hvernig á skólinn að vera?

„Leitað verður til væntanlegra nemenda og þeir beðnir að koma með hugmyndir og ábendingar um óskir sínar, sérstaklega varðandi námsframboð.

Umræður um hugmyndafræði

skólans og útfærslur á starfsháttum tengjast líka undirbúningi að hönnunarsamkeppni sem fyrirhugað er að halda um byggingu nýs skólahúsnæðis, en áætlað er að það verði tilbúið haustið 2011.

Fyrirhugað er að halda fundi með sem flestum sem láta sig skólann varða, með nemendum í efstu bekkjum grunnskólanna, með foreldrum, með kennurum í grunnskólunum og jafnvel fleiri hópum,” segir nýji skólameistarinn.

Allir sem áhuga hafa og vilja koma ábendingum varðandi skólann á framfæri eru hvattir til að hafa samband við Guðbjörgu skólameistara í s: 864-9729 eða senda póst á netfangið: gudbjorg@fmos.is



Guðbjörg Aðalbergsdóttir, skólameistari nýja framhaldsskólans í Mosfellsbæ.

Sameiginleg aðstaða fyrir GKJ og GOB

Nýtt líf

Tekin hefur verið í notkun glæsileg vélargeymsla við Hlíðavöll í Mosfellsbæ. Í vélargeymslunni er einnig búið að koma upp flottri æfinga-aðstöðu til golfíðkunnar.

„Nú þurfa kylfingarnir okkar ekki lengur að sækja æfingar til Reykjavíkur yfir vetrartímann. Þetta á eftir að gjörbylta öllu fyrir okkar afreksfólk auk þess sem þetta auðveldar allt félagsstarf, segir Ingi Rúnar íþróttastjóri Kjalar.

Verið er að leggja lokahönd á frágang hússins en æfingar eru hafnar að fullum krafti. Hægt er að nálgast stundaskrá og nánari upplýsingar á www.gkj.is. Mosfellsbær kemur myndarlega að þessari uppbyggingu sem ætluð er golfklúbbnum Kili og Bakkakots. Aðkoma að Vélargeymslunni er í gegnum hringtorgið við Klapparhlíð og síðan keyrt í gegnum Blikastaði. „Nú er því engin afsökun fyrir því að leggja golfkylfunum í svartasta skammdeginu og fólk velkomið að kíkja í heimsókn.”



Kjalarmenn í nýjum húsakynnum. Haukur Hafsteinsson framkvæmdastjóri, Ingi Rúnar Gíslason íþróttastjóri og Steinn G. Ólafsson vallarstjóri.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Helgihald næstu vikur:

Sunnudagurinn 8. febrúar

Kl. 11. Guðsþjónusta í Lágafellskirkju. Reykjalundarkórinn syngur undir stjórn Írisar Erlingsdóttur.
Kl. 13. Sunnudagaskólinn í Lágafellskirkju.


Sunnudagurinn 15. febrúar

Kl. 20. Taize kvöldguðsþjónusta í Lágafellskirkju.

Kl. 13. Sunnudagaskólinn í Lágafellskirkju.

Sunnudagurinn 22. febrúar

Kl. 11. Hátíðarmessa í Lágafellskirkju í tilefni 120 ára vígslu-afmælis.
Kl. 13. Sunnudagaskólinn í Lágafellskirkju.



SÓKN Í SÓKN

– LIFANDI SAMFÉLAG

Vertu með í sókninni!



N.B. HUGMYNDA SAMKEPPNI UM MÖNNINGARHÚS OG KIRKJU Í MOSFELLSBÆ


Mosfellsbær og Lágafellssókn efna til samkeppni um hönnun á sameiginlegu menningarhúsi og kirkju í miðbæ Mosfellsbæjar í samstarfi við Arkitektafélag Íslands.

Markmið með hugmyndasamkeppninni er meðal annars að laða fram fjölbreyttar og metnaðarfullar hugmyndir að menningarhúsi og kirkju er myndi sterka starfræna og byggingarlistarlega heild. Um leið er stuðlað að samvinnu til eflingar kirkju- og menningarstarfsemi, er verði bæjarfélaginu til sóma og menningarlífi bæjarins til framdráttar. Áhersluatriði dómnefndar við mat á lausnum eru m.a. að heildaryfirbragð byggingarinnar endurspegli framsækna byggingarlist, að byggingin falli vel að umhverfi sínu og verði sveigjanleg í notkun. Gert er ráð fyrir að í húsinu verði fjölbreytt starfsemi á vegum kirkju og menningarsál, svo sem hefðbundið kirkjustarf, safnaðarsalur, bókasafn, lista- og tónlistarsalir og veitingarekstur. Samkeppnin er almenn hugmyndasamkeppni og öllum opin. Veitt verða verðlaun að heildarfjárhæð kr. 7.000.000. Keppnislýsingu er að finna á vef Arkitektafélags Íslands, ai.is, og vef Mosfellsbæjar, mos.is. Önnur keppnisgögn verða afhent frá og með 4. febrúar gegn skilatrýggingu að upphæð kr. 5.000, á skrifstofu Arkitektafélags Íslands, kl. 9:00 – 13:00 virka daga. Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum fyrir föstudaginn 29. maí 2009.



Séra Skírnir settur í embætti

Í guðspjónustu þann 4. janúar var sr. Skírnir Garðarsson settur í embætti prests í Lágafellssókn. Dr. Gunnar Kristjánsson prófastur í Kjalarnesprófastdæmi setti sr. Skírni í embætti og þjónaði fyrir altari. Sr. Ragnheiður Jónsdóttir og sr. Skírnir Garðarsson þjónuðu einnig fyrir altari. Að athöfn lokinni var boðið til kirkjukaffis í Safnaðarheimili Lágafellssóknar.



Hönnun á kirkju og menningarhúsi

Mosfellsbær og Lágafellssókn efna til samkeppni um hönnun á sameiginlegu menningarhúsi og kirkju í miðbæ Mosfellsbæjar. Veitt verða verðlaun að heildarfjárhæð 7 milljónum króna. Á vef Mosfellsbæjar segir, að markmið með hugmyndasamkeppninni sé meðal annars að laða fram fjölbreyttar og metnaðarfullar hugmyndir að menningarhúsi og kirkju er myndi sterka starfræna og byggingarlistarlega heild. Gert er ráð fyrir að í húsinu verði fjölbreytt starfsemi á vegum kirkju og menningarhúss, svo sem hefðbundið kirkjustarf, safnaðarsalur, bókasafn, lista- og tónlistarsalur og veitingarekstur.

ELDRI BORGARAR



Starfsmenn leik- og grunnskóla

Vel heppnaður fræðsludagur

Hátt í þrjú hundruð starfsmenn leik- og grunnskóla Mosfellsbæjar sóttu vel heppnaðan fræðsludag sem haldinn var á vegum Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar síðastliðinn föstudag. Þetta var í sjötta sinn sem staðið var að slíkum fræðsludegi en þarna gafst starfsmönnum tækifæri til að hittast sem hópur og efla tengsl sín auk þess sem að sækja ýmsar athyglisverðar málstofur. Að þessu sinni var yfirskrifin „Læsi í lífi og leik“.

Meðal fyrirlesara voru Amalía Björnsdóttir frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Þorvaldur Þorsteinsson, rithöfundur og Unnur Halldórsdóttir fyrrum formaður og framkvæmdastjóri Landssamtaka foreldra, heimilis og skóla. Að auki voru tíu málstofur sem fjölluðu um mismunandi birtingaform læsis.



Mosfellsbær heiðrar íþróttafólkið sitt Íþróttamenn ársins 2008

Mosfellsbær útnefndi á dögnum íþróttamenn ársins í 17. skipi. Viðurkenningarnar sem veittar voru í ár, eru viðurkenningar fyrir Íslandsmeistara, bikarmeistara, deildarmeistara og landsmótsmeistara, fyrir þátttöku í landsliði, til efnilegra unglinga yngri en 16 ára í hverri grein auk þess sem íþróttamaður og íþróttakona Mosfellsbæjar voru krýnd.

Efstar í kjöri íþróttakonu ársins voru: Í stafrófsröð, Christa Mann knattspyrnukona úr Aftureldingu, Dagný Ágústsdóttir badmintonkona úr Aftureldingu, Emma Theodórsdóttir frjálsíþróttakona úr Aftureldingu, Hrefna Jónsdóttir handbolta-kona úr Aftureldingu, Nína Björk Geirsdóttir golfkona úr Golfklúbbnum Kili, Ragnheiður Þorvaldsdóttir hestakona úr Hestamannafélaginu Herði og Telma Rut Frímansdóttir karatekona úr Aftureldingu.

Efstir í kjöri íþróttamanns ársins voru: Í stafrófsröð, Daníel Jónsson handboltamaður úr Aftureldingu, Einar Sverrir Sigurðsson vélhólamaður úr MotoMos, Kristján Þór Einarsson golfari úr Golfklúbbnum Kili, Paul Clapson knattspyrnumaður úr Aftureldingu, Reynir Örn Pálmason hestamaður úr Hestamannafélaginu Herði, Sigurður Örn Ragnarsson sundmaður úr Aftureldingu og Sindri Jarlsson badminton maður úr Aftureldingu.



Að sögn Magneu Ingimundardóttur, verkefnastjóra á fræðsluviði Mosfellsbæjar hefur læsi ýmsar birtinga-myndir. „Læsi einskorðast ekki bara við bókstafslæsi heldur þurfum við að þroska og þróa með okkur læsi, til að mynda umhverfi okkar, náttúruna, lýðræðið, tilfinningarnar, samskiptin svo fátt eitt sé nefnt.“

Aðspurð segir Magnea þátttakendur hafa verið ánægðir með daginn og var mikill áhugi á þeirri fræðslu en í boði var. „Ljóst er að fræðsludagar kveikja hug-myndir hjá fólki og efla það faglega starf sem fram fer í skólanum,“ segir hún.



Íþróttamenn Mosfellsbæjar

- 1992 Fríða Rún Þórðardóttir frjálsíþróttakona
- 1993 Róbert Sighvatsson handknattleiksmaður
- 1994 Guðmar Þór Pétursson hestaíþróttamaður
- 1995 Silja Rán Ágústsdóttir knattspyrnukona
- 1996 Gunnar Steinþórsson sundmaður
- 1997 Rafn Arnason frjálsíþróttamaður
- 1998 Sigurður Sigurðarson hestaíþróttamaður
- 1999 Bjarkrín Sigurðsson handknattleiksmaður
- 2000 Katrín Dögg Hilmarsdóttir golfkona
- 2001 Geir Rúnar Birgisson knattspyrnumaður
- 2002 Sigurður Sigurðarson hestaíþróttamaður
- 2003 Heiðar Davíð Bragason golfmaður
- 2004 Heiðar Davíð Bragason golfmaður
- 2005 Brynja Finnsdóttir frjálsíþróttakona Halldór Lárusson frjálsíþróttamaður
- 2006 Guðný Björk Óðinsdóttir knattspyrnukona Halldór Lárusson frjálsíþróttamaður
- 2007 Halldór Guðjónsson hestaíþróttamaður Nína Björk Geirsdóttir golfkona
- 2008 Kristján Þór Einarsson golfmaður Nína Björk Geirsdóttir golfkona

Handverksstofan á Hlaðhömrum

er opin alla virka daga kl. 13-16.

Tréskurðarnámskeið er á fimmtudögum kl. 12.30

Leikfimi er á mánudögum kl. 14.10

Bókbandsnámskeið er á þriðjudögum kl. 13.

Ganga frá Hlaðhömrum er á þriðjudögum og föstudögum kl. 11.30

Kóræfing Vorboða er á miðvikudögum kl. 15.

Línudans er á mánudögum kl. 17.

Mosfellsbær greiðir niður akstur með leigubíl fyrir þá eldri borgara sem vilja taka þátt í félagsstarfinu en hafa ekki eigið farartæki.

Félagsstarfið í Mosfellsbæ hvetur eldri borgara til þess að koma og kynna sér þá starfsemi sem í boði er og taka þátt í góðum félagsskap. Skrifstofa félagsstarfsins er opin kl. 13-16 sími 586-8014.

Byggðarsafn Hafnarfjarðar

Ferð verður til Hafnarfjarðar fimmtudaginn 19. febrúar og verður byggðarsafnið skoðað, síðan farið í Fjörðinn verslunarmiðstöð en þar er hægt að Fara á Café Aroma.

Þátttaka tilkynnist í síma 586-8014 kl. 13-16. Sættagjald er kr. 1.000, en frítt er á safnið.

Mömmumatur í hádeginu

ALLA VIRKA DAGA
FRÁ 11.30 - 13.00




ELD **HÚSIÐ**
Pizzabakarí

522-2222 URÐARHOLT 2 270 MOSFELLSBÆ ELDHUSID.IS

EKTA OSTUR

ELDBAKSTUR

ÁSTRÍÐA



Engar töfralausnir

Sigurður Einarsson, arkitekt miðbæjarskipulagsins, bendir á að hugmyndafræðin í þessu nýja deiliskipulagi sé fyrst og fremst að búa til hæfilega þéttan miðbæ sem hæfi Mosfellsbæ.



„Þéttleiki tekur mið af umhverfinu eins og það er í dag. Við notum Kardímommubæinn sem ákveðið viðmið fyrir þéttleika og hæð hæstu bygginga í bænum að Kjarna og væntanlegri kirkju undanskilinni“.

Miðbær sem virkar

Spurður hver sé lykillinn að því að búa til nýjan miðbæ sem heppnast vel svarar Sigurður að horfa verði á vel heppnaða miðbæi og skoða af hverju þeir virki svona vel. „Maður verður að spyrja sig af hverju til að mynda Laugavegurinn og Strandgatan í Hafnarfirði virki svona vel. Lykillinn að því, þegar byggja á nýjan miðbæ, er að taka upp þetta gamla góða sem virkar. Það eru engar töfralausnir,“ segir hann.

Engar svalagangablokkir

Sigurður bendir jafnframt á að skipulag Bjarkarholtsins sé til að mynda hugsað út frá því sem þekktist í gömlum miðbæjum. Fjölbýlishús, sem þar er gert ráð fyrir að verði byggð, verði brotin upp, „en ekki þessar dæmigerðu svalagangablokkir,“ eins og hann orðar það.

„Við viljum uppbrotnari hús, þriggja til fjögurra hæða hús sem eru ekki þessi týpisku fjölbýli. Húsunum verður stungið niður beggja megin Bjarkarholtsins þannig að húsgaflarnir nái nánast alveg út að götunum þannig að upplifunin verði dálítið áþekkt gömlu götunum með stakstæðu húsunum.“

Breiðgata með trjágöngum

Þá er markmiðið að styrkja götumynd í Þverholtinu með því að byggja fjölbýlishús nær götunni norðanmegin og að planta trjágróðri sitt hvoru megin við götuna eins og þegar hefur verið gert í hluta hennar. Þannig verði mynduð nokkurs konar trjágöng eftir allri götunni.

„Þverholtið gæti verið eins konar breiðgata frá miðbænum í átt að sjónum,“ segir Sigurður að lokum.

» KYNNING Á NÝJU MIÐBÆJARSKIPULAGI MOSFELLSBÆJAR

Mosfellingur kynnti sér framtíðarsýn Mosfellsbæjar í miðbæjarmálum

Lifandi grænn miðbær

Lifandi, grænn miðbær þar sem framsækin byggingarlist og hlýlegt umhverfi er í aðalatriði er útgangspunktur í tillögu um nýjan miðbæ í Mosfellsbæ sem kynnt verður Mosfellingum næstkomandi miðvikudag. Hugmyndir, tillögur og óskir bæjarbúa voru hafðar í öndvegi við gerð nýs deiliskipulags miðbæjarins sem verið hefur í vinnslu frá árinu 2005 en nú er komin lokamynd á.

Mosfellsbær þarf miðbæ

Að sögn Haraldar Sverrissonar bæjarstjóra og Karls Tómassonar forseta bæjarstjórnar má vafalítið ætla



að hinn nýi miðbær verði geysileg lyftistöng fyrir bæjarfélagið.



„Þarna myndast svæði fyrir nauðsynlega verslun og þjónustu í þeirri stærðargráðu sem bæjarfélagið þarfnast, ásamt tveimur stórum menningarstofnunum,“ segir Haraldur. „Hvort tveggja mun vafalítið gæða miðbæinn lífi og verða vonandi til þess að

hér verði sá græni, lifandi miðbær sem við Mosfellingar höfum þurft á að halda.“

Að sögn Haraldar var mikið lagt upp úr því að hugmyndir bæjarbúa yrðu fléttadar inn í hið nýja deiliskipulag. Gerð var viðhorfsskónnun meðal Mosfellinga og í framhaldi af því komið á fót rýnihópum sem fjölluðu sérstaklega um þær tillögur sem bæjarbúar settu fram.

Karl sagði það ljóst að bæjarfélagið hafi vafalítið blætt fyrir það að hafa aldrei haft eiginlegan miðbæ, iðandi af mannlífi. „Slíkt er öllum bæjarfélögum nauðsyn,“ segir hann og bætir við að mikill áhugi hafi verið meðal bæjaryfirvalda um árabíl að bæta úr því. „Nú er það að verða að veruleika. Það metnaðarfulla skipulag sem nú er kynnt og fjöldi



Þverholtið í átt að Kjarna

bæjarbúa hefur komið að ber vonandi vitni um þann áhuga,“ segir Karl.

Sjónarmið íbúa fær brautargengi

„Um haustið 2005 lagði skipulags- og byggingarnefnd fram hugmyndir um nýtt deiliskipulag miðbæjarins unnar af Sigurði Einarssyni arkitekt hjá Batteríinu,“ segir Haraldur. „Þær hlutu umfjöllun í aðdraganda kosninga en ákveðið var að vinna þær ekki frekar fyrr en að loknum kosningum. Í kjölfarið á sveitarstjórnarkosningunum var haldið áfram með verkefnið og var þá, samkvæmt mál-efnasamningi meirihlutans, ákveðið að leita eftir skoðunum og hugmyndum íbúa að verkinu í meira mæli.“

Eftir að tillögur íbúa lágu fyrir var unnið frekar með deiliskipulagið og þær hugmyndir sem nú liggja fyrir eru endurskoðaðar tillögur þar sem sjónarmið íbúa hafa fengið brautargengi,“ segir Haraldur.

Græn svæði fá aukinn sess

Helstu breytingarnar á deiliskipulagstillögunni eru einna helst þær að græn svæði í miðbænum fá aukinn sess frá fyrri tillögu. „Tekið er meira tillit til trjáræktarinnar við Bjarkarholtið og var sérstaklega farið yfir það hvað af gróðrinum væri best til þess fallinn að halda sér og mynda gróðurreit í hjarta bæjarins,“ bendir Karl á. Þannig gerir tillagan ráð fyrir að eins konar skrúðgarður verði í Bjarkarholtinu sem tengist klappar-



Horft inn Bjarkarholtið, nýr framhaldsskóli til hægri og fjölbýlishús í þeim stíl sem Sigurður talar um, til vinstri.

„Miðbærinn mun byggjast upp, spurningin er einungis hvenær. Róm var til að mynda ekki byggð á einum degi.“

holtinu í miðju svæðisins. Klapparholtið mun jafnframt njóta sín sem áframhaldandi útivistarsvæði.

Báðir eru þeir sérstaklega ánægðir með hversu mikið tillit hafi verið tekið til að vernda svokallað klappararsvæði. Karl bendir á til gamans að umræddar klappir sem einfaldlega hefðu verið nefndar klettarnir í hans barnæsku hafi verið eitt vinsælasta leiksvæðið á meðal barna búsettra á þessu svæði. „Það er einstakt að hafa slíkt stórgrýti óhreyft í miðbæ og óhemju frumlegt og skemmtilegt,“ segir Karl.

„Rétt er að benda á að heldur hefur verið dregið úr fjölda íbúða frá fyrri hugmyndum og bílastæði eru flest meðanjarðar að hluta eða að öllu leyti og bílar því ekki áberandi sem er mjög mikilvægt til að skapa þessa hlýju grænu stemmingu sem sóst er eftir,“ sagði Haraldur.

Lóðin milli Vesturlandsvegur og Bjarkarholts var valin til að hýsa væntanlegan framhaldsskóla sem stefnt er á að verði tekinn í notkun haustið 2011. Haraldur og Karl eru á einu máli um að sá mikli fjöldi fólks, jafnt starfsfólk og nemendur, sem fylgja starfsemi af þessu tagi muni gæða miðbæinn lífi. Hið sama eigi við um menningarhús og kirkju sem stefnt er að byggja við Háholstið.

Miðbærinn mun byggjast upp

Haraldur og Karl eru bjartsýnir á að þrátt fyrir efnahagsástandið geti nýtt miðbæjarskipulag orðið að veruleika á næstu árum.

„Það er mjög mikilvægt að nota tímamann nú til þess að vinna und-



Horft yfir miðbæinn frá suðri.



Hugmynd um kirkju og menningarhús sem tengist miðbæjartorgi.



Horft yfir miðbæinn frá norðri.

irbúningsvinnuna og að ljúka við deiliskipulag miðbæjarins," segir Haraldur.

„Samningur er um að framhaldsskólinn verði tilbúinn eftir rúm tvö ár og í gangi er hönnunarsamkeppni um nýja kirkju og menningarhús í miðbænum. Hvort tveggja er innlegg í þessa skipulagstillögu en það er afskaplega mikilvægt fyrir skipulag til framtíðar að í stað þess að skipuleggja í kring um þessar tvær lóðir verði allur miðbærinn hugsaður sem ein heild. Við verðum að sjá til hversu hratt hinn nýi miðbær

mun byggjast upp. Það er hins vegar alveg ljóst að miðbær mun byggjast upp, spurningin er einungis hvenær. Róm var til að mynda ekki byggð á einum degi," segir Haraldur.

Kynningarfundur

Mosfellsbær stendur fyrir kynningarfundi um tillögu að nýju deiliskipulagi miðbæjarins. Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 11. febrúar kl. 17 í Listasal Mosfellsbæjar

Ýmis atriði sem þarf að skoða betur

„Það hefur verið mín skoðun að ekki megi þrengja svo að miðbæjarsvæðinu með íbúðarhúsnæði

ad það hefti þróun og stækkingun svæðisins til framtíðar litið. Skapa þurfi skjólsælan miðbæjarkjarna sem hafi möguleika til stækkunar í takt við stækkun bæjarfélagsins.

Norðan Þverholtsins er gert ráð fyrir íbúðablokkum frá Skeiðholti að Kjarna og er það mitt álit að endurskoða þurfi þær fyrirætlanir meðal annars með það í huga að næst Kjarna verði rými fyrir atvinnu- og þjónustustarfsemi.

Ég er efins um að rými sé nægjanlegt á þeim stað sem kirkjan og menningarhúsið er hugsað því ekki má þrengja um of að hinu friðlýsta svæði sem klapparholtið er og þá hvort kirkjunni væri ekki betur komið fyrir samkvæmt núverandi skipulagi þ.e. á svæðinu þar sem bæjarleikhúsið er.

Ákvörðun um staðsetningu framhaldsskólans á mótum Langatanga og Bjarkarholts er fagnaðar efni og stuðlar að auknu mannlífi í miðbænum. Skoða mætti að færa hann nær menningarhúsinu. Eins og mál standa nú tel ég fulla ástæðu til að drög að nýju miðbæjarskipulagi fari í almenna umræðu í bæjarfélaginu áður en lengra er haldið“ segir Jónas Sigurðsson bæjarfulltrúi Samfylkingar.



Skortur á lýðræðislegum vinnubrögðum

„Við Framsóknarmenn erum ekkert sérstaklega sáttir við vinnubrögðin né þá útkomu sem nú er komin í ljós. Við hefðum viljað að íbúar hefðu haft meiri aðkomu

ad vinnunni og meira val t.d. með því að velja á milli 3-4 útfærslna /

tillagna í almennum kosningum. Miðbær skiptir okkur öll máli. Miðbæjarskipulagið finnst okkur metnaðarlaust, lítið lagt upp úr aðstöðu fyrir fyrirtæki sem gætu veitt fjölbreytta verslunarþjónustu þá er þétting byggðar á miðsvæðinu ónóg en aðeins er gert ráð fyrir u.þ.b. 300 nýjum íbúðum á miðbæjarsvæðinu en aukin íbúabyggð eflir miðbæinn.

Við höfum líka haft efasemdir um staðsetningu kirkju á mótum Þverholts og Háholts beint á mótí Krónunni. Þrátt fyrir að ekki sé búið að kynna skipulagið þá hefur bæjarstjórn efnt til samkeppni um kirkju og menningarhús á lóð sem ekki er ljóst hvort Mosfellsbær hafi yfir höfuð yfirráð yfir, svoleiðis vinnubrögð hugnast mér ekki. Vilja Mosfellingar yfirleitt kirkju á þetta svæði og þá hvar? Öll viljum við kirkju sem við getum verið stolt af og getur rúmar þær athafnir sem þar fara fram en á hún að vera samtengd menningarhúsi? Vinnubrögðin eru ámælisverð. Lýðræðið og valmöguleikana skortir,“ segir Marteinn Magnússon bæjarfulltrúi Framsóknarmanna.



Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm er ung og upprennandi söngkona sem tekur þátt í undankeppni Eurovision í ár og er komin í úrslit, hún syngur lagið Vornótt eftir Erlu Gígju ömmu sína

Með báða fætur á jörðinni

Hreindís Ylva hefur komið víða við þrátt fyrir ungan aldur. Hún er með ólæknandi leiklistaráhuga og hlaut sína fyrstu reynslu á því sviði aðeins sjö ára gömul. Hreindís hefur tekið þátt í hinum ýmsu leikritum og söngleikjum en í dag stundar hún nám í jazzsöng við FÍH ásamt því að keppa í undankeppni Eurovision. Hún segist hvergi bangin og hlakkar til úrslitakeppinnar sem sýnd verður í Ríkissjónvarpinu þann fjórtánda febrúar.

Hreindís Ylva er fædd í Reykjavík 1. mars 1989. Hún er dóttir hjónanna Huldu Jónasdóttur og Garðars Hreinssonar, hún á einn bróður Yngva Rafn sem er 17 ára. Hreindís var aðeins nokkurra mánaða gömul er fjölskyldan flutti í Mosfellsdalinn.

Bláðamanni lék forvitni á að vita hvernig henni hefði fundist að alast upp í dalnum? „Það er yndislegt að búa hérna og algjör forréttindi að fá að alast hér upp,” segir Hreindís Ylva en það gat verið langt fyrir stutta fætur að ganga til hinna krakkanna í bekknum sökkum fjarlægðarinnar „en ég átti góða vinkonu Lindu Rún, sem einnig bjó í dalnum og við vorum saman öllum stundum.“

„Á uppvaxtarárum mínum rak fjölskylda mín lengi hestaleigu bæði í Mosfellsdal og á Þingvöllum og það var skemmtilegur tími. Ég var í því mörg sumur að beisla hesta, leggja á og ríða út með útlendinga. Við erum enn með hesta en núna aðeins fyrir okkur. Pabbi er ættaður úr Helgadal og er sonur Hreins og Herdísar en þaðan kemur einmitt fyrra nafnið mitt til. Mamma mín er alin upp á Sauðárkróki og er dóttir hjónanna Jónasar Þórs og Erlu Gígju. Það má segja að hægt sé að rekja leikhús- og tónlistaráhugann minn til þeirra því í gamla daga vann afi í leikhúsi og amma er búin að dunda við tónlist til fjölda ára.“



Vinkunahópurinn í stúdentsveislu Hreindísar í desember 2008. Tinna Hrönn, Ingveldur, Sóley, Fanney Lára, Hreindís, Anna Kristín, Guðrún Kirstín og Andrea.



Stór vinkunahópur

„Ég var alla mína grunnskólagöngu í Varmárskóla. Það var mikið fjör í skólanum og maður á góðar minningar þaðan. Ég er enn í miklu sambandi við skólasystur mínar þó við færum sín í hverja áttina á menntaskólaárunum. Ég byrjaði í forskóla í Tónlistarskóla Mosfellsbæjar þegar ég var fimm ára og fór svo í Skólakór Varmárskóla sjö ára. Ég spilaði á þverflautu með Skólahljómsveit Mosfellsbæjar frá nú ára aldri til átján ára aldurs. Það var gaman að vera þar, skemmtilegur félagsskapur og frábært tónlistaruppeldi. Við höfum oft rætt það vinkonurnar hversu mikið Skólahljómsveitin gaf okkur og mótaði okkur.“

Byrjaði sjö ára að leika

„Ég hlaut mína fyrstu leikreynslu þegar ég var sjö ára. Skólakórinn setti á svið Kardimommubæinn og þar var ég sett í að leika Kamillu litlu. Eftir þetta varð ekki aftur snúið og ég vildi ólm halda áfram að leika. Ég fór á hvert einasta sumarnámsskeið Leikfélags Mosfellsbæjar og tók virkan þátt í öllu þeirra barna- og unglingastarfi. Ég lék meðal ann-



MOSFELLINGURINN

ars í Oliver Twist, Litlu Hryllingsbúðinni og fleiri verkum. Ég fór í fyrsta stóra leikverkefnið mitt eftir tíunda bekkinn. Þá lék ég hin ýmsu hlutverk í söngleiknum Annie sem sýndur var í Austurbæ. Ég vann líka hin ýmsu störf tengd uppsetningu á söngleiknum Hafíð bláa, þar kynntist ég Agnari Jóni Egilssyni leikstjóra og hann tók mig og Agnesi Wild vinkonu mína upp á sína arma. Agnari Jóni á ég mikið að þakka.“

Stundar nám í jazzsöng

„Eftir grunnskóla fór ég í Menntaskólann við Hamrahlíð og útskrifaðist þaðan í desember 2008. Með náminu stundaði ég og stunda enn nám í jazzsöng og ýmsu öðru sem viðkemur tónlist í Tónlistarskóla FÍH. Það var einmitt í FÍH sem mér bauðst stærsta leikhúsverkefnið mitt hingað til. Það var einn kennaranna við skólann sem tók að sér söngstjórn í söngleiknum Jesus Christ Superstar sem sýnt var í Borgarleikhúsinu á vegum Vesturports og Leikfélags Reykjavíkur og hún bauð mér hlutverk. Þarna kynntist ég mörgu reynslumiklu fólki sem stóð þétt við bakið á mér og ég lærði margt af þeim. Framtíðarplönin mín liggja á þessari braut,

helst myndi ég vilja fara erlendis á söngleikjabraut í leiklistarskóla en það verður bara að koma í ljós hvernær það verður,” segir Hreindís Ylva dreymin á svip.

Mikill Eurovision-aðdáandi

„Ég er mikill Eurovision-aðdáandi og það vita allir sem mig þekkja. Eurovision-keppnin er eitt af mínum aðal áhugamálum og ég á það til að vera hálfgerft uppflettirit“ segir Hreindís og fer að hlæja. „Svo skemmtilega vill til að ég tek þátt í undankeppninni fyrir Eurovision þetta árið og syng þar lag, sem heitir Vornótt, eftir ömmu mína Erlu Gígju Þorvaldsdóttur. Mér þykir vænt um að syngja lag eftir ömmu sem er elsti lagahöfundurinn í keppninni. Þetta er ofsalega fallegt lag og mikið í stíl við minn karakter, svona rólegur, örlítið gamaldags stíll og mér finnst gaman að syngja það. Ég er samt alveg með báða fætur á jörðinni og geri mér grein fyrir því að þetta verður erfið keppni. Við sjáum bara til hvernig fer en það er alveg frábært að vera komin í úrslit og ég hlakka bara til,” segir Hreindís Ylva brosandí að lokum.

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.



Búið að semja við stelpurnar

Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu hefur lokið við gerð samninga við 18 leikmenn fyrir næsta keppnistímabil. Í flestum tilfellum er um að ræða stelpur úr Mosfellsbæ sem hafa æft knattspyrnu frá unga aldri.

Allir leikmenn njóta hins frábæra þjálfara-teymis sem Afturelding hefur upp á að bjóða. Afturelding og Fjölirnir senda sameiginlegt lið til keppni í Landsbankadeild kvenna og verður spennandi að fylgjast með þessum ungu og efnilegu stelpum.

Á myndina vantar Sigrúnu Jarlsdóttur, Svandísi Ösp Long auk Aldísar Mjallar Helgadóttur sem var á landsliðsæfingu þegar myndin var tekin.



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum um fjárframlög til lista- og menningarstarfsemi

Menningarmálanefnd auglýsir eftir aðilum sem óska eftir fjárframlögum frá nefndinni vegna listviðburða og menningarmála árið 2009. Hér undir falla áður árviss fjárframlög til margvíslegrar menningarstarfsemi í bænum, auk nýrra.

Reglur um úthlutun

1. Rétt til að sækja um framlög til nefndarinnar hafa listamenn, samtök listamanna og félagasamtök, sem vinna að listum og menningarmálum í Mosfellsbæ.
2. Fjárframlög til lista og menningarmála eru af tvennum toga:
 - a) Verkefnastyrkir til einstakra verkefna.
 - b) Starfstyrkir til félagasamtaka á sviði lista og menningarmála í Mosfellsbæ.
3. Nauðsynlegt er að umsækjendur tilgreini nákvæmlega til hvaða verka ætlað er að verja framlögunum.
4. Umsóknum skal skilað í síðasta lagi þann 4. mars 2009 á skrifstofu fræðslu- og menningarsviðs Mosfellsbæjar. Þeim ber að skila á sérstökum umsóknareyðublöðum, sem hægt er að nálgast í Þjónustuveri Mosfellsbæjar og á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is undir stjórn-sýsla/umsóknir. Rafrænum umsóknum ber að skila á netfangið: mos@mos.is
5. Nefndin áskilur sér rétt til að hafna umsókn umsækjanda að hluta til eða alfarið.
6. Niðurstöður menningarmálanefndar Mosfellsbæjar munu liggja fyrir eigi síðar en 3. apríl 2009 og eru háðar samþykki bæjarstjórnar.

Fræðslu- og menningarsvið Mosfellsbæjar
Þverholti 2, 270 Mosfellsbær

FRAMHALDSSKÓLINN Í MOSFELLSBÆ

Aðstoðarskólameistari

Laus er til umsóknar staða aðstoðarskólameistara við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafði störf sem fyrst, en í síðasta lagi 1. apríl 2009.

Aðstoðarskólameistari mun aðstoða skólameistara við uppbyggingu skólans, sinna áfangastjórnun og öðrum stjórnunarstörfum samkvæmt nánara samkomulagi. Í upphafi er gert ráð fyrir 100% starfi við undirbúning skólastarfs. Eftir að kennsla hefst er gert ráð fyrir að starfshlutfall við stjórnun verði 70% og á móti sinni viðkomandi kennslu á sínu fagsviði.

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ kennir sig við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi. Skólinn er framhaldsskóli með áfangasniði þar sem í boði verða stúdentsbrautir og styttri starfsnámsbrautir. Helstu áherslupunktur í kennsluháttum skólans verða fjölbreyttar verkefnaáætlaðar kennsluáðferðir og margs konar námsmat með sérstakri áherslu á leiðsagnarmat. Skólinn tekur til starfa í ágúst 2009.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, skal aðstoðarskólameistari hafa starfsheitið framhaldsskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi. Leitað er að starfsmanni sem er leikinn í mannlegum samskiptum og sjálfstæður í vinnubrögðum.

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist Guðbjörgu Aðalbergsdóttur skólameistara í netfangið gudbjorg@mos.is eða í pósti: Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær í síðasta lagi 17. febrúar 2009. Nánari upplýsingar veitir skólameistari í síma 864-9729.

Skólameistari

FIRMAMÓT

Hvíti Riddarinn og Afturelding halda firmamót innanhúss á Varmá laugardaginn 14. febrúar. Vegleg verðlaun í boði fyrir sigurvegarana.

Skráning liða í s: 847-4288



Eygja ennþá von

Eftir að hafa tapað tvívegis í vetur gegn Haukum U launaði Afturelding þeim lambið grúa á Ásvöllum í síðasta leik. Bossablossarnir völtuðu yfir Hauka með 20 marka mun, 15-35. Strákarnir léku vel bæði í sókn og vörn eins og tölurnar gefa til kynna. Afturelding komst með sigrinum upp í 4. sæti deildarinnar með 18 stig og er 8 stigum á eftir topplíði Gróttu. Næsti leikur er gegn Þrótti í Laugardalshöll í kvöld kl. 19.30.



Sportklúbbur Aftureldingar

Afturelding og Félagsmiðstöðin Ból hafa sameinast um að stofna Sportklúbb. Sportklúbburinn hittist tvisvar í viku í Íþróttamiðstöðinni að Varmá undir stjórn John Andrews og Elínar Pálmadóttur. Á dagskrá eru allskyns íþróttir og félagslíf án áherslu á keppni en klúbbmeðlimir munu líka koma sjálfir að því að móta dagskrána. Klúbburinn er ætlaður nemendum í 9. og 10. bekk í Lágafellsskóla og Varmáarskóla. Allir 9. og 10. bekkingar (ekki síst þau sem eru ekki að æfa keppnisíþróttir) eru hvattir til að mæta á þriðjudögum kl. 20.30 og föstudögum kl. 19.30 að Varmá til að sjá hvað er í boði.

Hvað þarf til að ná árangri?

Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari A-landslíðs kvenna í knattspyrnu mun halda fyrirlestur í Hlégarði 11. febrúar n.k. kl. 20. Fyrirlesturinn fjallar um hugarfar sigurvegarans



